

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Maríu Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. nóvember 1963. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Maríu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Maríu Jónsdóttur, flugfreyju (fædd 1. nóv. 1932, dáið 14. apríl 1963).

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15000.00 og er gefið af foreldrum Maríu, Jóni Vigfús-syni og Sigurlaugu Guðmundsdóttur, Hringbraut 47, og starfssysturum Maríu.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheit, gjafir og hagnaður af sölu minningarkorta.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

Formaður og gjaldkeri Flugfreyjufélags Íslands og einn aðili, tilnefndur af ættingjum Maríu.

Formaður flugfreyjufélagsins er formaður sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja flugfreyjur eða börn þeirra, hafi flugfreyja orðið fyrir slysi eða erfiðleikum vegna langvarandi veikinda.

Falli flugfreyja frá, sem séð hefur barni eða börnum sínum farborða, skulu þau ganga fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

6. gr.

Heimilt er að verja allt að 10% hlutum af árlegum vaxtatekjum sjóðsins til styrkveitinga.

Þau ár, sem heimiluð upphæð verður ekki notuð til styrkveitinga, skal hún lögð við höfuðstól.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hafi verið samþykktar með  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða stjórnarmeðlima Flugfreyjufélags Íslands og samþykktar af fulltrúa ættingja Maríu í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Ábendingar eða umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda sjóðsstjórn fyrir 1. nóv. ár hvert.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp með reikningum Flugfreyjufélags Íslands og endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 189.

4. nóvember.

## SAMÞYKKT

### um sveitarstjóra í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann eigi jafnframt sæti í hreppsnefnd.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirlétt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd fyrir eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt er við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.